

Aðalfundur Karlakórs Hreppamanna 24. september 2013

Á síðasta aðalfundi sem haldinn var 4. des 2012 var skipað í nefndir og ráð eins og venja er. Sérstök nefnd var skipuð, Rómar-nefndin, til eins árs og verkefni hennar var að standa fyrir allskyns upptákum á árinu sem gætu aflað kórnum fjár til fyrirhugaðar ferðar kórsins til Ítalíu haustið 2013. Nefndin var afar virk og á hrós skilið bæði fyrir hugmyndaauðgi og dugnað.

Breytingar urðu í aðalstjórn. Böðvar Ingi gaf ekki kost á sér til áframhaldandi starfa og í hans stað var kosinn Snorri Jóhannesson.

11. desember var síðasta æfing fyrir jól þar sem mökum var boðið upp á fagan söng og jólaglögg.

Fyrsta verkefni Rómarnefndarinnar var síðan stórdansleikur á Flúðum með Helga Björns og Reiðmönnum vindanna á þrettándanum. Dansleikur sem sumir segja að sé kominn til að vera.

15. janúar var fyrsta æfing nýs árs.

Æfingadagur var 19. janúar á Sólheimum í Grímsnesi sem endaði með tónleikum fyrir íbúa staðarins.

Um miðjan febrúar var haldið svokallað listaverkabingó á Flúðum þar sem listamenn af Suðurlandi gáfu verk á bingóið.

8. mars var KKH ásamt sönghópnum Góðum grönnum boðið að syngja í Fríkirkjunni í Reykjavík þar sem félagar okkar úr Raddbandafélagi Reykjavíkur stóðu fyrir tónleikum.

6. apríl var æfingadagur á Flúðum og endaði dagurinn síðan með söng kórsins í 20 ára afmæli golfklúbbs Kiðjabergs.

14. apríl voru síðan fyrstu vortónleikar kórsins og komu fram á þessum metnaðarfullu óperutónleikum kórsins þau Elsa Waage og Gissur Páll. Sungið var í Árbæjarkirkju og í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði.

20. apríl var síðan sungið í Selfosskirkju kl. 15 og þar sem Unglingakór Selfosskirkju kom einnig fram með kórnum. Um kvöldið var síðan sungið á

Flúðum fyrir fullu húsi og var KKH ásamt þeim Elsu og Gissuri ákaft fagnað í lok tónleika.

8. maí var síðan skipt um gír og haldin skemmtun í Aratungu þar sem kórinn kom fram. Undirleikarar voru Miklós ásamt hljómsveitinni Smári og félagar sem jafnframt spilaðu fyrir dansi fram á nótt.

14. júní var útreiðartúr kórsins í blíðu að venju. Upphaf og endir túrsins var á Ísabakka þar sem þau Magga og Agnar, húsráðendur, grilluðu í mannskapinn.

28. júní hélt Skúli Guðmundsson mikla garðveislu í tilefni 50 ára afmælis síns og söng kórinn nokkur lög honum til heiðurs.

Fyrsta æfing eftir sumarfrí var síðan 3. september og byrjað að æfa lög fyrir væntanlega Rómarferð.

Eins og þið heyrið hefur þetta verið viðburðarríkt ár og ef allt er talið, æfingar, tónleikar og aðrar uppákomur ,eru þetta ca. 35 skipti sem kórinn hefur komið saman.

Að lokum þakka ég ykkur félagar fyrir vel unnin störf og gott samstarf á liðnu starfsári.

Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður.